alþýðu-
blaðið
Laugardagur 17. jan. 1981

Annað tbl. Málþings komið út:

Benedikt Gröndal skrifar um stjórnarskrármál

Út er komið annað tölublað tímaritsins Málþing, en það er tímarit handa jafnaðarmönnum um þjóðfélags- og menningarmál. Ritstjórar ritsins eru þeir Kjartan Ottósson og Hilmar S. Karlsson. Í þessu tölublaði birtast greinar eftir Benedikt Gröndal, „Um þrískiptingu valdsins", Úlfar Bragason, „Fornsagnarannsóknir nú", Vilmund Gylfason „Þættir úr sjálfstæðisbaráttunni", en það er dagskrá, sem Vilmundur samdi og flutti í útvarp þann 6. apríl 1980, og Hilmar S. Karlsson skrifar „Hugleiðingar um listina að elska og Erich Fromm".

Í grein sinni um þrískiptingu valdsins, ritar Benedikt Gröndal um þær hugmyndir stjórnvísinda, sem liggja að baki íslensku stjórnarskrárinnar. Hann rekur nokkuð sögu þeirra hugmynda, frá upphafi, en þær koma fyrst fram í ritum franska heimspekingsins Montesquieu á 18. öld.

Benedikt rekur síðan nokkur þau ákvæði, sem skerða þessa þrískiptingu valdssins, svo sem rétt forseta til að gefa út bráðabirgðalög, svo og opið og óljóst orðalag um framkvæmdavaldið og hlutverk þess í stjórnarskránni. Eins bendir hann á þá síðari tíma tilhneigingu hjá löggjafarvaldinu, þ.e. Alþingi, þegar um flóknar lagasetningar er að ræða, að láta framkvæmdavaldinu mikinn hluta löggjafarvaldsins eftir, með því að það sér um tilbúning reglugerða.

Vegna þessar ágalla á stjórnarskránni og túlkun hennar, finnur Benedikt að því, að ekki miðar hraðar endurskoðun hennar. Hann segir að lokum:

„Mestu máli skiptir að viðurkenna, að ekki verða dregnar línur milli löggjafavalds og framkvæmdavalds, eins og gamlir hugsuðir töldu og stjórnarskrá okkar gerir ráð fyrir. Þetta tvennt blandast saman á flókinn hátt og verður hvort að hafa megináhrif á hitt, þing og ríkisstjórn, sem byggist á meirihluta þess. Þingið verður að gera ríkisstórn kleift að stjórna og veita henni þau lög, sem hún telur nauðsynleg. Þingstörf verða að mótast að verulegu leyti af þörfum ríkisstjórnar, og gera það raunar mjög í nágrannalöndum, þótt þingstörf hér á landi séu yfirleitt illa skipulögð.

Þetta þarf þó ekki að hindra Alþingi í að taka sér hlutverk, sem þingið hefur til þessa vanrækt, en önnur löggjafarþing hafa í vaxandi mæli snúið sér að. Það er eftirlit með framkvæmdavaldi, mat þingnefnda á reynslu af settum lögum og þörfum fyrir nýja lagasetningu. Á Íslandi er rík nauðsyn fyrir þetta starf, en skilningsleysi,



TÍMARIT HANDA JAFNAÐARMÖNNUM
UM ÞJÓÐFELAGS- OG MENNINGARMÁL

2. tbl. 1. árgangur — Ritstjórar: Kjartan Ottósson (ábm.), Hilmar S. Karlsson

Höfundar efnis í þessu hefti:
Benedikt Gröndal
Hilmar S. Karlsson
Kjartan Ottósson
Úlfar Bragason
Vilmundur Gylfason


málþing 2/80


annir og tregða ráðamanna hafa fyrirbyggt, að Alþingi færi inn á þessa braut. Þess vegna hefur vegur þingsins verið minnkandi á sama tíma sem löggjafaþing grannríkja hafa farið vaxandi í nýjum hlutverkum eftir skipulagsbreytingar, sem hafa lagað hin gömlu kóngaþing að nútíma aðstæðum.


Stjórnarskrá lýðveldisins er ekki eins og kjólföt, sem farið er í við hátíðleg tækifæri. Hún er lifandi taugakerfi lýðveldisins. Það dugir ekki að setja enn á hana einhverjar bætur, eða að ímynda sér, að hinn gamli kjarni hennar, sem er frá konungdæmi á miðri 19. öld, dugi hinu nýja lýðveldi 21. og síðari alda. Það verður að semja stjórnarskrá frá grunni fyrir framtíðarþjóðfélag Íslendinga.


Hér ráða alltof fáir menn. Þeir eru yfirleitt svo yfirhlaðnir störfum við dægurmál, að þeir hafa hvorki tíma, orku né áhuga aflögu fyrir nýja stjórnarskrá, sem á að duga þróun einstaklinga og samfélags í manns aldra. Það er til margt fólk, sem er fært um að taka þátt í slíku starfi. Af hverju má ekki fela því að vinna að nýrri stjórnarskrá, meðan flokksforingjarnir glíma við verðbólguna, sem þeir aldrei ráða við? Þarna kemur flokksræðið fram í verstu mynd. Foringjarnir geta ekki ímyndað sér, að nokkrum öðrum en þeim sé treystandi til að sjá eða skilja hvað eigi að vera grundvallarlög lýðveldisins. Þetta er ein mesta þröngsýni í íslenskum stjórnmálum nú á dögum, og hún á sér engin flokkabönd, hún virðist alls staðar jafn sterk.

Montesquieu heldur áfram að ráða ríkjum á Íslandi. Það skiptir engu þótt hugmyndir hans hafi í upphafi verið byggðar á misskilningi. Það skiptir engu þótt þær séu þverbrotnar í raun um allt Ísland eins og önnur lönd. Flokksforingjarnir hafa ekki tímatil að athuga þetta. Og þeir treysta engum til þess. Þar við situr."









Stór samsýning á Kjarvalsstöðum opnuð í dag

Í dag laugardag, kl. 15.00 opna 11 listamenn samsýningu að Kjarvalsstöðum í Vestursal. Sýningin ber nafnið „Vetrarmynd" og er þetta í þriðja sinn sem myndlistarmenn sýna undir þessu nafni.

Þeir sem taka þátt í þessari sýningu eru Baltasar, Bragi Hannesson, Einar Þorláksson, Haukur Dór, Hringur Jóhannsson, Leifur Breiðfjörð, Magnús Tómasson, Níels Hafstein, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigurður Örlygsson og Þór Vigfússon.

„Vetrarmynd" er afar fjölbreytt í sniðum, enda er hér um að ræða verk ólíkra myndlistarmanna. Þessi breidd er í samræmi við stefnu þá sem ráðið hefur á fyrri sýningum undir nafninu Vetrarmynd. Þá hafa fulltrúar ólíkra listastefna haldið sýningar saman. Jafnan er um einhverja endurnýjun að ræða í hópi sýnenda. Þannig sýna nú í fyrsta sinn með Vetrarmyndahópnum þau Einar Þorláksson, Níels Hafstein, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigurður Örlygsson og Þór Vigfússon. Aðrir hafa áður sýnt verk sín á sýningum Vetrarmyndarhópsins.

Sýningin verður opin daglega frá kl. 17 til 22, 17. janúar til 1. febrúar.

Á RATSJÁNNI

Stofnanamál:
Eða: „Hvernig hægt er að segja slæm tíðindi þannig að enginn skilur,!"

Það er stórmerkilegt, hvað íslenskan er lipurt tungumál og auðvelt að semja í það nýyrði og allskyns euphemisma. Þegar málverndunarstefnan reis hvað hæst, lá við að nýyrðasmíði væri þjóðaríþrótt Íslendinga og þeirra helsta skemmtan. Þá voru búin til hreint brilljant orð, svo sem þyrla, þota, tölva o.s.frv. Að vísu voru ekki allir landar vorir jafnliðugir í þessari íþrótt, og sum nýyrðin fórust í flugtaki. Sum þeirra náðu á loft, en hefðu betur farist. Svo er t.d. með orð eins og „hljóðvarp", þegar það er notað fyrir útvarpið okkar blessað. Í fyrsta lagi merkir orðið hljóðvarp þegar allt annan hlut í íslensku, sem sé ákveðna hljóðbreytingu. Í öðru lagi er orðið stirt, sérlega í samsetningum, svo sem „hljóðvarpsviðtæki". Enda komu upp vandræði, vegna þess að „sjónvarpið" var kallað því nafni. Sumir vildu halda sig við hljóðfræðiheitin og kalla sjónvarpið „klofning".

En þó áhugi á nýyrðasmíði hafi dofnað nokkuð síðustu ár, meðal almennings, lifir hann enn í ákveðnum hópi manna. Það eru menn, sem vinna í stofnunum, og nýyrðasmíði þeirra er gjarna kölluð „stofnanamál". Þeir sem stunda orðasmíði í stofnanamálið eru miður vel þokkaðir af almenningi. Ekki svo að skilja að almenningur tali gullaldarmál, fjarri því. En almenningur fer að finna fyrir „óöryggiskennd", þegar birtar eru skýrslur, skrifaðar á þannig „íslensku", að menn skilja jafnvel ekki heilu málsgreinarnar, nema einstaka samtengingar, forsetningar, (sem eru ærið oft rangt notaðar) og viðskeyti.

Einn hópur stofnanamanna, eru kennarar. Þeir hafa komið sér upp tækniorðasafni, sem er öllum óskiljanlegt sem ekki hafa gengið í gegnum kennaraskóla T.d. hefur Þagall einhverntímann áður nefnt dæmi úr því máli, sem er orðið „samþætting", en það er notað í setningum eins og „samþætting námsefnisins í mismunandi greinum gerir nemandanum kleift að öðlast víðari heildaryfirsýn yfir námsefnið". Þessa setningu, eða setningu mjög áþekka, las Þagall í einhverju merkisriti nýlega. Fyrir utan klúður á borð við „víðari heildaryfirsýn", er orðið „samþætting" frekar þreytandi. En einn kennara Þagals í gamla daga var einhverntímann að útskýra beygingu óreglulegra sagna í einhverju rómönsku tungumáli, þegar hann sagði allt í einu: „Annars er þetta allt saman konsekvent, svo það meikar engan diff". „Samþætting" er framför!

Þingmenn tala gjarnan um „atvinnutækifæri", þegar þeir fara með utanbókarlærðar setningar á borð við: „Það er mikilvægt fyrir framtíð byggðar á landshorninu, að atvinnutækifærum fjölgi". Þá eiga blessaðir mennirnir auðvitað við störf.

Þá er það einkenni á stofnana máli, að til þess að halda orðaforða sem minnstum, er gripið til þess ráðs, að nota sýknt og heilagt „Jákvæður" og „Neikvæður". Þannig sleppa menn við að flækja setningaskipan. Og menn geta sagt óþægileg tíðindi á stofnanamáli, án þess að nokkur maður kippi sér upp við það. Forstjóri fyrirtækis, sem þarf að tilkynna verkamönnum sínum, að hann geti ekki borgað þeim laun, fer ekki til þeirra og segir: „Strákar, ég er skítblankur, á ekki eyri, ég bara get ekki borgað ykkur út í dag." Nei, það gerir enginn forstjóri. Hann fer til verkamannanna sinna, ábúðarmikill á svip og segir: „Því miður er lausafjárstaða fyrirtækisins neikvæð, eins og stendur, en um leið og hún verður jákvæð upp á nýtt, mun ég greiða ykkur launin." Síðan hleypur hann burt, meðan verkamennirnir eru enn að reyna að skilja það sem hann sagði.

„Lausafjárstaðan er neikvæð", sagði forstjórinn. „Ja, nú á ég ekki krónu", sagði gamla konan. „Ekki ég heldur", sagði forstjórinn.

—Þagall

KÚLTÚRKORN

Kontra-kvartettinn í Norrænahúsinu

Mánudaginn 19. janúar kl. 20.30 heldur Kontra-kvartettinn frá Danmörku tónleika í Norræna húsinu. Á efnisskrá eru strokkvartettar eftir Mozart (g-dúr, KV. 387), Carl Nielsen (g-moll, op 13) og Dvorak (Bandariski kvartettinn.

Kontra-kvartettinn var stofnaður 1973 af fiðluleikaranum Anton Kontra, sem fæddur er í Ungverjalandi, en verið hefur konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Sjálands frá 1965. Anton Kontra starfar einnig sem einleikari og hafa ýms norræn tónskáld samið verk fyrir hann, nú síðast samdi Vagn Holmboe fiðlukonsert fyrir hann.

Aðrir meðlimir í Kontra-kvartettinum starfa með Dönsku útvarpshljómsveitinni og Sinfóníuhljómsveit Sjálands.

Kvartettinn hefur lagt mikla áherslu á flutning austur-evrópskrar tónlistar (Dvorak, Bartok, Tjajkovskij) og nýrri norrænnar tónlistar auk hinnar sígildu efnisskrár.

Kontra-kvartettinn heldur tvenna tónleika í Norræna húsinu, en aðeins fyrri tónleikarnir eru opnir fyrir almenning.


Miðar verða seldir í kaffistofu Norræna hússins og við innganginn.

Ralf Gothóni í Norræna húsinu

Þriðjudaginn 20. janúar kl. 20:30 heldur RALF GOTHÓNI pianótónleika í Norræna húsinu. Ralf Gothóni er fæddur í Finnlandi árið 1946. Hann stundaði nám í Helsingfors, Þýskalandi og Sviss. Hann hlaut mjög góðar viðtökur er hann kom fyrst fram opinberlega á tónlistarhátíðinni í Jyvaskyla 1967 og eftir það lá leiðin opin fyrir hann til tónleikahalds víða um Evrópu, í Sovétríkjunum og Norður-Ameríku. Hann er prófessor í pianóleik við tónlistarskólann í Munchen og hefur frá árinu 1978 verið listrænn stjórnandi óperuhátíðarinnar í Svaonlinna. Auk þess sem Ralf Gothóni kemur mjög oft fram sem einleikari, hefur hann getið sér góðan orðstír sem undirleikari, m.a. hjá landa sínum óperusöngvaranum Martti Talvela.

Ralf Gothóni hefur komið til Íslands nokkrum sinnum áður, m.a. kom hann ásamt finnska barítónsöngvaranum Jorma Hynninen á Norrænu menningarvikunni í Norræna húsinu haustið 1979.

Á tónleikunum á þriðjudaginn leikur Ralf Gothóni m.a. sónötu eftir hið þekkta finnska tónskáld Einojuhani Rautavaara (1854—1928) og „Myndir á sýningu" eftir Mussorgskí. Leos Janacek, sem er í fremstu röð tékkneskra og evrópskra tónskálda, samdi m.a. tvær stórar pianósvítur, sem nefnast „Grónar götur" og eru taldar til höfuðverka nútíma pianótónlistar. Ralf Gothóni leikur fyrri svítuna á tónleikunum nú.



BOLABÁS

Hvað sagði böðullinn, þegar hann leit inn til fanganna, rétt fyrir aftökuna? — Góðan daginn, góðir hálsar.!